

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Byggjum brýr

Nafn styrkþega: Kvennaskólinn í Reykjavík

Útdráttur: Verkefnið *Byggjum brýr* var haldið dagana 15. og 16. maí í

Kvennaskólanum í Reykjavík og var styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála. Verkefnið var stýrt af Katarzyna Rabeda, deildarstjóra íslenskubrautar, í samstarfi við kennara í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ og fleiri aðila. Markmið verkefnisins var að efla tengsl og samvinnu milli nemenda af ólíkum uppruna, skapa vettvang fyrir fræðslu um fjölmenningu, fordóma og samfélagslega ábyrgð, sem og að kynna þjónustu og stuðningskerfi sem snúa að innflytjendum og ungu fólki. Þátttakendur voru nemendur af íslenskubrautum Kvennaskólans og Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, ásamt nokkrum nemendum af öðrum brautum Kvennaskólans, auk fulltrúa frá MMS, Miðju máls og læsis, samfélagslögreglunni og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Á fyrri degi verkefnisins fengu nemendur fræðslu um íslenska framhaldsskólakerfið fráínu Björgu Árnadóttur, hlýddu á fyrirlestur um fjölmenningu og fordóma frá Chanel Björk Sturludóttur og unnu verkefni tengd þessum málefnum. Á seinni deginum var kynning frá brúarsmiðum MMS og Miðju máls og læsis, samtal og kynning frá samfélagslögreglunni, auk erindis um heilbrigðiskerfið og ábyrgð á eigin heilsu frá Ásdísi Eckhardt. Deginum lauk með leikjum og samverustund undir stjórn Keðjunnar, nemendafélags Kvennaskólans, og grillveislu.

Helstu niðurstöður verkefnisins voru þær að nemendur fengu aukna vitund um fjölmenningu og samfélagslega ábyrgð, verkefnið stuðlaði að aukinni samkennd og tengslamyndun milli nemenda og þátttaka var góð með jákvæðum viðbrögðum frá bæði nemendum og gestum.

Project Title: Building Bridges

Name of Grantee: Kvennaskólinn í Reykjavík

Abstract: The *Building Bridges* project was held on May 15–16 at Kvennaskólinn in Reykjavík and was funded by the Development Fund for Immigrant Affairs. The project was led by Katarzyna Rabeda, Head of the Icelandic Track, in collaboration with teachers from the Upper Secondary School in Mosfellsbær and other partners. The aim of the project was to strengthen connections and cooperation among students from diverse backgrounds, create a platform for education on multiculturalism, prejudice, and social responsibility, and introduce services and support systems available to immigrants and young people. Participants included students from the Icelandic programs at Kvennaskólinn and the Upper Secondary School in Mosfellsbær, as well as several students from other study lines at Kvennaskólinn, along with representatives from the Directorate of Education, the Language and Literacy Center, the community police, and Primary Health Care of the Capital Area.

On the first day of the project, students received an introduction to the Icelandic upper secondary school system from Ína Björg Árnadóttir, attended a lecture on multiculturalism and prejudice by Chanel Björk Sturludóttir, and worked on group activities related to these topics. On the second day, there were presentations from bridge-builders representing the Directorate of Education and the Language and Literacy Center, as well as a discussion with the community police and a presentation on the healthcare system and personal responsibility for health by Ásdís Eckhardt. The day concluded with games and social activities led by Keðjan, the student association, followed by a barbecue.

The main outcomes of the project were that students gained increased awareness of multiculturalism and social responsibility, the project fostered empathy and stronger connections among students, and participation was high with positive feedback from both students and guests.